

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað og lögum um aukatekjur rikissjóðs (gjaldfrjáls rafræn útgáfa).

Flm.: Björn Leví Gunnarsson, Sara Elísa Þórðardóttir, Helgi Hrafn Gunnarsson, Jón Þór Ólafsson, Smári McCarthy, Þórhildur Sunna Ævarsdóttir, Andrés Ingi Jónsson, Línéik Anna Sævarsdóttir.

I. KAFLI

Breyting á lögum um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, með síðari breytingum.

1. gr.

7. gr. laganna orðast svo, ásamt fyrirsögn:

Rafræn útgáfa Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaðs.

Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað skulu gefin út og þeim dreift gjaldfrjálst á rafrænan hátt. Við rafræna útgáfu skal tryggja öryggi og áreiðanleika birtra upplýsinga og að þær varðveitist á varanlegan hátt og gagnasnið útgáfunnar sé opið og aðgengilegt. Rafrænni útgáfu Lögbirtingablaðs skal hagað þannig, eftir því sem tæknilega er unnt, að komið sé í veg fyrir úrvinnslu og samtengingu persónuupplýsinga sem birtar eru. Við rafræna útgáfu skal útgáfudagur tilgreindur.

Haga skal útgáfu Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaðs þannig að vél- og hugbúnaður sem flestra nýtist. Skulu þeir sem þess óska geta keypt Stjórnartíðindi eða Lögbirtingablað í prentuðu formi í áskrift eða fengið einstök tölublöð send gegn greiðslu kostnaðar af prentun þeirra og sendingu.

Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað skulu vera aðgengileg á tölvutækan hátt í opinni gagnagátt.

Ráðherra mælir í reglugerð nánar fyrir um rafræna útgáfu Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaðs, þar á meðal um gagnaöryggi, varðveislu gagna og persónuvernd, og um aðgengi ritanna á tölvutækan hátt í opinni gagnagátt.

II. KAFLI

Breyting á lögum um aukatekjur rikissjóðs, nr. 88/1991, með síðari breytingum.

2. gr.

14. gr. b laganna fellur brott.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var áður lagt fram á 148., 149. og 150. löggjafarþingi (57. mál).

Með þessari lagabreytingu er verið að gera það að skyldu að Stjórnartíðindum og Lögbirt-

ingablaði verði dreift á rafrænan hátt, að aðgengi að rafrænni útgáfu verði notendum að kostnaðarlausu og að allt sem birt er í þessum ritum skuli vera aðgengilegt á tölvutækan hátt á aðgengilegu og opnu gagnasniði í opinni gagnagátt, t.d. opingogn.is. Samhliða því er lagt til að fella brott 14. gr. b laga um aukatekjur ríkissjóðs enda verður ekki lengur kveðið á um í lögum um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað að greiða skuli gjald fyrir rafrænan aðgang að Lögbirtingablaði samkvæmt lögum um aukatekjur ríkissjóðs.